

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 80/97
frá 12. nóvember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
3/97 frá 10. mars 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB frá 10. janúar 1996 um sameiginlega
tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með
X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 41. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
95/526/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4m. **396 D 0071:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB frá 10. janúar 1996
um sameiginlega tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum
gagnanetum (PSPDN) með X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum (Stjtið.
EB nr. L 13, 18. 1. 1996, bls. 23).”

—

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997 bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 39, 10. 7. 1997, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 13, 18. 1. 1996, bls. 23.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner